## Frú Inga Hansen og maður hennar, Jörgen Hansen.

Þótt ég geri ráð fyrir, að línur þær, er ég nú rita og að þessu sinni verði eigi birtar almenningi eða opinberlega fyrri en ég og jafnvel kona sú, er þær ná til, verðum báðar farin héðan og af hérvistarsviðinu, sem svo margir aðrir, konur og karlar, er ég hefi ritað fá ein orð um áður, vildi ég eigi skilja svo við nú með öllu, að ég eigi minntist hennar meðan hún er til og treinist líf, sem einnar hinnar mörgu meðal góðra kvenna, er ég og kona mín höfum haft kynni og á langri lífsleið hennar og okkar.

Kona þessi er: frú Inga Hansen, Laufásvegi 61. í Reykjavík.
Við, hjónin, höfum átt því láni að fagna, að hafa fengið að vera svo að segja sambýlismenn hennar og manns hennar, hr. Jörgen Hansen í nú um nærri 20 ára skeið, og þekkjum þau því vel og að góðu einu.
Frú Inga Hansen er fædd að Ytra-Vatni í Lýtingsstaðahreppi hinn 28. maí 1886 og því tæpra 57 ára að aldri.

Frú Hansen, - svo er hún oftast nefnd - er mikilhæf kona mjög og virðuleg, fríð sýnum og hrein á svip; svo vönduð er hún í orðum og athöfnum, að fyrirmyndar er, ávallt glöð í bragði og góð til úrræða, enda er hún greind vel og fróð um marga hluti, eins og hin háaldraða móðir hennar, merkiskonan Guðrún Jónasdóttir er.

Frú Hansen og maður hennar eiga mörg börn, mannvænleg mjög og vel uppalin, enda er heimili þeirra hjóna eitt hið prýðilegasta að reglusemi allri og snyrtimennsku, svo að af ber; það er aðlaðandi mjög og þar

er gott að koma og þangað að leita góðra úrlausna sérhvers góðs málefnis, þótt eigi sé hátt um það, eða bumbur barðar fyrir því, enda hafa jafnan hin dýpstu vötn minnst um gný.

Sérhverju sinni, er maður lítur frú Hansen augum sér maður, að frá henni stafa geislar góðvildar og göfugmennsku, að þar er trúrækin kona, sem býr yfir einlægri trú á allt hið fagra og góða í lífinu, sem og vissunni fyrir því, að allt fari vel að lokum. Þetta er og einkenni allra góðra kvenna og göfugra manna, enda hefir trúarvissa þessi verið henni ómetanlegur styrkur í hverri raun, ástvinamissis, veikinda og annars andstreymis, sem henni hefir mætt sem flestum öðrum í lífinu.

Frú Hansen og maður hennar hafa jafnan átt hið prýðilegasta heimili eignast mörg góð og vel gefin börn, sem áður er getið, efni þeirra og atvinna jafnan sæmileg, enda hefir nýtni og sparsemi stuðlað að því, að svo yrði efnahagi þeirra komið, að þau þyrfti eigi að leita til annara manna um ölmusu, heldur gæti þau verið öðrum til hjálpar og styrktar.

Þetta veit ég sannast og réttast um þessi merku hjón og heimili þeirra, og sé það sönn lýsing, sem ég efast um að nokkur geti vefengt, hvað getur þá verið gleðilegra og gæfuríkara í lífinu, en að eiga það allt skilið og það eiga þau, að minni raun í fyllsta máta.

Fyrir okkur hjónin, hefir það verið ánægjulegt, að hafa átt svo góða og langa samleið, náin kynni og góða vináttu um svo mörg umliðin ár.

Þakkir séu þeim jafnan tjáðar, fyrir alla tryggð þeirra og velvild í okkar garð og annara.

Reykjavík, 16. nóv. 1943.

[illegible]